



Sveitarfélagið Árborg

Íbúafundur um fjármál og framtíðarhorfur

Ráðgjafarsvið

12. apríl 2023

Fyrirvari

Samantekt þessi byggir á upplýsingum úr ársreikningum Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2016 til 2021, útkomuspá fyrir árið 2022 og samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026. Samantektin byggir jafnframt á vinnu með stjórnendum sveitarfélagsins og er innlegg í samtal við kjörna fulltrúa, starfsfólk sveitarfélagsins, íbúa þess, lánardrottna og aðra hagaðila.

Ekki ber að túlka samantektina sem ráðgjöf um val á tilteknum leiðum.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni skjalsins í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skjalsins. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skjalsins er hjá sveitarfélaginu sem verkkaupa eða öðrum þeim sem hyggjast taka ákvarðanir byggðar á upplýsingum í skjalinu.

Efnisyfirlit



Almennt um fjármál sveitarfélagsins

Almennt um fjármál Árborgar.



Þróun og horfur í fjármálum Árborgar

Farið yfir alvarlega fjárhagsstöðu sveitarfélagsins með því að skoða þróun síðustu ára ásamt framtíðarhorfum samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.



Næstu skref

Markvissra aðgerða er þörf til að snúa stöðunni við.

Almennt um fjármál sveitarfélaga



Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Almennt um fjármál sveitarfélaga



Fjárhagsleg viðmið í lögum og reglugerðum:

Jafnvægisregla

„Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.“

Skuldaregla

„Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Fjármál sveitarfélagsins skiptast í A- og B-hluta

- **A-hluti:** starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum.
- **B-hluti:** fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Með hliðsjón af gildandi áætlunum sveitarfélagsins er ljóst að reksturinn er þungur og fjárhagsstaðan þröng


- Sveitarfélagið uppfyllir að óbreyttu ekki fjármálareglur sveitarfélaga sem skilgreindar eru í lögum og reglum.
- Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 til 2026 er gert ráð fyrir taprekstri og lítilli framlegð. Gildandi áætlanir gera jafnframt ráð fyrir verulegri skuldaaukningu á tímabilinu sem áætlunin nær til.

Þróun og horfur í fjármálum Árborgar

Rekstrarniðurstaða


Rekstrarniðurstaða A-hluta 2016-2026

í milljónum króna



Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta 2016-2026

í milljónum króna



* Útkomuspá gerð í október 2022.




Viðvarandi taprekstur
samkvæmt
ársreikningum og
gildandi fjárhagsáætlun

Þróun framlegðar

Framlegð A-hluta 2016-2026


í milljónum króna



Framlegð rekstrar hefur farið lækkandi og framlegðarstig er of lágt miðað við skuldir sveitarfélagsins

Framlegð A- og B-hluta 2016-2026

í milljónum króna




* Útkomuspá gerð í október 2022.

Veltufé frá rekstri og afborganir


Veltufé frá rekstri og afborganir A- hluti 2016-2026

í milljónum króna



Veltufé frá rekstri og afborganir A- og B-hluti 2016-2026

í milljónum króna



* Útkomuspá gerð í október 2022.



Veltufé frá rekstri hefur farið lækkandi og verulegt bil er á milli fjármunamyndunar og afborgana

Versnandi rekstrarniðurstaða

Rekstur Sveitarfélagsins Árborgar hefur þyngst á undanförunum árum



A-hluti sveitarfélagsins ekki fjárhagslega sjálfbær að óbreyttu

Síðastliðin ár hefur verið viðvarandi taprekstur í A-hluta sveitarfélagsins og er útlit fyrir áframhaldandi taprekstur samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun.

Framlegð A-hluta er óviðunandi miðað við skuldastöðu.

- Kjörnir fulltrúar átta sig á vandanum og leita leiða til að laga stöðuna
- Virk þátttaka stjórnenda nauðsynleg

Ástæður versnandi rekstrarniðurstöðu



Auknar fjárfestingar → auknar lántökur → aukinn fjármagnskostnaður

Sveitarfélagið hefur staðið í umtalsverðum fjárfestingum undanfarin ár og gert er ráð fyrir verulegum fjárfestingum á árunum sem gildandi fjárhagsáætlun nær til. Fjárfestingum sveitarfélagsins fylgja verulegar lántökur og aukin skuldsetning.



Útgjaldavöxtur í lykilmálaflokkum

Töluverður vöxtur hefur verið í útgjöldum lykilmálaflokka hjá sveitarfélaginu svo sem í félagsþjónustu og fræðslu- og uppeldismálum.



Hraður vöxtur – ör íbúafjölgun

Íbúum hefur fjölgað ört síðastliðin ár og er búist við áframhaldandi fjölgun á næstu árum. Í örum vexti eykst kostnaður jafnan meira en tekjur til að byrja með auk þess sem vöxtur kallar gjarnan á auknar fjárfestingar í innviðum. Stöðugildum hjá sveitarfélaginu hefur fjölgað hraðar en íbúum síðustu ár.




Ytri aðstæður

Ýmsir þættir í ytra efnahagssumhverfi hafa leitt til versnandi rekstrarskilyrða og má þar m.a. nefna launahækkningar, hækkandi vaxtastig, aukna verðbólgu með tilheyrandi almennum kostnaðarhækkunum.

Íbúapróun

Íbúapróun 2016-2026 samkvæmt ársreikningum og gildandi fjárhagsáætlun
Íbúafjöldi 1. desember



Stöðug fjölgun íbúa í sveitarfélaginu

* Útkomuspá gerð í október 2022.

27,4%

fjölgun íbúa á
árunum 2016-2021

5,0%

Í gildandi áætlun er gert
ráð fyrir 5,0% árlegri
fjölgun íbúa á næstu
árum

Stöðugildi og launakostnaður


Stöðugildi

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum var fjöldi stöðugilda í lok árs 2022 á bilinu 820-830 í A- og B-hluta samtals.


Áætlaður meðalkostnaður pr. stöðugildi á ári er um 10,5 m.kr.

Um það bil 60% heildartekna sveitarfélagsins fara til greiðslu launa og launatengdra gjalda.

Laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum (% af tekjum)



Þróun fjölda stöðugilda




40%
fjölgun stöðugilda hjá
sveitarfélaginu
á árunum 2016 – 2021

Skuldir og skuldbindingar á íbúa

Íbúapróun og skuldir og skuldbindingar (A- og B-hluta) á íbúa

Samkvæmt ársreikningum 2016-2021 og gildandi fjárhagsáætlun



*Útkomuspá gerð í október 2022.

Fjölgun íbúa hefur kallað á fjárfestingar í innviðum og leitt til aukinnar skuldasetningar

Fjölgun íbúa 2020-2021 → 3,5%

Hækkun skulda og skuldbindinga á íbúa 2020-2021 → 26,9%

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins voru um 1.981 þús.kr. á íbúa árið 2021 en voru að meðaltali um 1.597 þús.kr. á íbúa sama ár hjá samanburðarsveitarfélögunum.

Samanburðarsveitarfélög


Eftirfarandi sveitarfélög eru hér til viðmiðunar:

- Akraneskaupstaður, Akureyrarbær, Mosfellsbær og Reykjanesbær

Veltufé frá rekstri á íbúa (A-hluti)

Íbúabróun og veltufé frá rekstri (A-hluta) á íbúa

Samkvæmt ársreikningum 2016-2021 og gildandi fjárhagsáætlun



*Útkomuspá gerð í október 2022.


Veltufé frá rekstri á hvern íbúa sveitarfélagsins fer lækkandi!

Veltufé frá rekstri hjá A-hluta sveitarfélagsins hefur farið lækkandi og verið neikvætt frá árinu 2020. Árið 2021 var veltufé frá rekstri A-hluta Sveitarfélagsins Árborgar neikvætt um 76 þús.kr. á hvern íbúa árið 2021 en til samanburðar var veltufé frá rekstri A-hluta jákvætt um 100 þús.kr. á hvern íbúa að meðaltali sama ár hjá samanburðarsveitarfélögunum.

Veltufé frá rekstri á íbúa (A- og B-hluti)

Íbúapróun og veltufé frá rekstri (A- og B-hluta) á íbúa

Samkvæmt ársreikningum 2016-2021 og gildandi fjárhagsáætlun




*Útkomuspá gerð í október 2022.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa sveitarfélagsins fer lækkandi!

Veltufé frá rekstri hjá sveitarfélaginu var um 20 þús.kr. á íbúa árið 2021 en til samanburðar var það um 156 þús.kr. á íbúa að meðaltali sama ár hjá samanburðarsveitarfélögunum.

Skatttekjur á íbúa

Íbúapróun og skatttekjur (með framlagi Jöfnunarsjóðs) á íbúa
Samkvæmt ársreikningum 2016-2021 og gildandi fjárhagsáætlun




*Útkomuspá gerð í október 2022.

Skatttekjur á íbúa undir meðaltali
samanburðarsveitarfélaga!

Fjárfestingar og fjárfestingaáætlun (A- og B-hluti)

Fjárfestingar 2016-2026 (A- og B-hluti) samkvæmt ársreikningum og gildandi fjárhagsáætlun
í milljónum króna




11 ma.kr.
Áætlaðar fjárfestingar á árunum
2023-2026 nema um 11 ma.kr.
samkvæmt gildandi
fjárhagsáætlun

*Útkomuspá gerð í október 2022.

Þróun skuldsetningar

Þróun skuldsetningar

Samkvæmt ársreikningum og gildandi fjárhagsáætlun



Skuldaregla ekki uppfyllt!

Samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun uppfyllir Sveitarfélagið Árborg ekki fjárhagsleg viðmið laga og reglna á næstu árum

*Útkomuspá gerð í október 2022.

Samantekt um gildandi fjárhagsáætlun



Umfang vandans er af þeirri stærðargráðu að grípa verður til aðgerða og ákvarðana sem um munar í samhenginu!

3,6 – 4,0 ma.kr.

vantar upp á til að sveitarfélagið standist jafnvægisreglu um jákvæðan 3ja ára rekstrarjöfnuð í árslok 2026.

5,5 ma.kr.

bil er á milli áætlaðrar **skuldastöðu** í árslok 2026 og lögbundins hámarks á skuldaviðmiði.

1,9 – 2,1 ma.kr.

vantar upp á árlega til að framlegð nái 10% af skuldaviðmiði hvers árs (Viðmið EFS).

2,0 – 2,4 ma.kr.

vantar árlega upp á fjármunamyndun rekstrar (veltufé frá rekstri) til að standa undir áætluðum afborgunum skulda og skuldbindinga

Næstu skref

Verkefnið er krefjandi



Verkefnið krefst markvissra aðgerða sem hafa raunveruleg áhrif og „hreyfa nálina“ í mælaborðinu


Sveitarfélagið hefur sett sér markmið með það að leiðarljósi að uppfylla að lágmarki kröfur og standast lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Til þess að það náist þarf að beita blöndu af aðgerðum frá öllum hliðum starfseminnar.




Verkefnin framundan

Rekstrarjöfnuður/ jafnvægisregla




Verkefnin framundan

Skuldahlutfall og skuldaviðmið




Verkefnin framundan

Framlegðarhlutfall



Samhengi hlutanna



Leiðin að settu marki

Ná skilgreindum markmiðum Sveitarfélagsins Árborgar, uppfylla skilyrði laga og reglugerða sem og viðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Markmið og lykilverður

- Setja vel skilgreind markmið bæði fyrir sveitarfélagið í heild og einstaka stofnanir innan þess í samræmi við úrbótatækifærin sem liggja fyrir.
- Skilgreina lykilverður yfir tímabilið sem gera grein fyrir því hvenær ákveðnum markmiðum á að vera náð.

Hvert er bilið sem þarf að brúa?

- Út frá núverandi stöðu og áætlun með viðeigandi forsendubreytingum vegna þróunar sl. ári er bilið fundið sem þarf að að brúa til þess að fjárhagsleg viðmið séu uppfyllt innan tilskilinna tímamarka og markmiðum sveitarfélagsins verði náð.

Ákvarðanir og árangursstjórnun

- Aðgerðaáætlun og ákvörðun tekin um hvaða aðgerðir skal fara í og hvenær.
- Eftirfylgni og endurmat - tekið á frávikum markvisst með tímanlegum inn gripum.

Úrbótatækifæri

- Rýna möguleika til úrbóta með það að markmiði að brúa bilið.





KPMG